

# Námskrá

2008-2009

*Sérdeild fyrir einhverf börn*

*í Síðuskóla*

## Efnisyfirlit

Skilgreining á starfi sérdeildar Síðuskóla.....	4
Kennsla í sérdeild.....	4
Námsmat .....	5
Ráðgjöf.....	5
Ferli umsókna.....	6
Um einhverfu .....	8
Orsakir og tíðni einhverfu .....	8
Einkenni .....	9
Hvernig getur einhverfa birtist í daglegu lífi?.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
Hugmyndafræði .....	11
TEACCH aðferðafræðin .....	11
Kennslurými sérdeildarinnar.....	16
Samskiptan.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
Námsþættir .....	18
Athafnir daglegs lífs - ADL .....	19
Íslenska: .....	22
Boðskiptafærni:.....	22
Málörvun:.....	22
Lestur: .....	23
Ritun/skrift: .....	23
Málfræði:.....	24
Stærðfræði:.....	24
Skipulögð vinna: .....	25

Lífsleikni: .....	25
Samfélagsfræði: .....	26
Heimilisfræði: .....	26
Tónmennt: .....	27
Enska: .....	27
Myndmennt / Skapandi starf: .....	27
Upplýsinga- og tæknimennt .....	28
<i>Smíðar</i> .....	28
<i>Tölvur</i> .....	28
Leikfimi .....	29
Sund .....	30

### Skilgreining á starfi sérdeildar Síðuskóla.

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu og skyldar fatlanir var stofnuð í Síðuskóla haustið 1999. Henni er ætlað að starfa í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Hlutverk sérdeildar í Síðuskóla er að sinna:

- ✚ Kennslu barna með einhverfu og skyldar fatlanir.
- ✚ Ráðgjöf til kennara, foreldra, skólavistanna og annarra sem koma að kennslu og umönnun nemenda með einhverfu á Akureyri og nágrenni.

#### *Kennsla í sérdeild*

Nemendum sérdeildar er kennt í samræmi við einstaklingsnámskrá sem gerð er með hliðsjón af einstaklingsþörfum, námskrá skóla og aðalnámsskrá grunnskóla. Einstaklingsnámsskráin segir til um þau markmið sem valin hafa verið í kennslu nemandans, kennsluáðferðir og námsmat.

#### *Yfirmarkmið námskrár*





Að efla færni, þekkingu og sjálfstæði nemenda svo þeir megi verða virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.

#### *Forsendur einstaklingsnámsskrár eru*

- ✚ Bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum og öðrum sérfræðingum.
- ✚ Greining og þroskamat.
- ✚ Áhersluþættir/óskir foreldra.
- ✚ Námsmat síðasta árs/staða.
- ✚ Áhugamál og aldur.

 Skólanámsskrá*Námsmat*




Við námsmat eru notuð:

-  Stöðluð matsgögn.
-  Matslistar miðaðir við ákveðna námsþætti og markmið.
-  Símat, þ.e. regluleg skráning á breytingum á færni.
-  Ferlimöppur



Námsmat er gert í lok hverrar annar. Farið er yfir stöðu nemanda í foreldraviðtölum og skriflegt námsmat afhent. Æskilegt er að greining á stöðu nemandans fari fram a.m.k. einu sinni á grunnskólaferlinum. Greiningin fer að jafnaði fram á Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins eða á vegum sálfræðinga Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar.

*Ráðgjöf*

Hlutverk sérdeildar fyrir einhverf börn í Síðuskóla er að veita kennslufræðilega ráðgjöf vegna barna með einhverfu og skyldar fatlanir:

-  Í grunnskóla Akureyrar og utan Akureyrar samkvæmt þar til gerðum samningi.
-  Til skólavistanna og annarra aðila sem að barninu koma.
-  Til foreldra og forráðamanna.

Í ráðgjöfinni felst:

-  Mat á námsstöðu.
-  Aðstoð við gerð námsáætlana.

- ✚ Aðstoð við val á kennsluaðferðum.
- ✚ Aðlögun námsefnis.
- ✚ Aðstoð við val á kennslugögnum.
- ✚ Fræðsla.

Beiðni um ráðgjöf er send til Fjölskyldudeildar Akureyrar, skólateymi, á til þess gerðum eyðublöðum. Í beiðni skal vandinn skilgreindur ítarlega. Skólastjóri metur hvernig beiðni skuli sinnt í samráði við fagstjóra í sérdeild. Grundvöllur að árangursríkri ráðgjöf er gott samstarf og gagnkvæm virðing og mikilvægt er að traust ríki á milli ráðgjafa og ráðþega.

Í lok ráðgjafarferlis er tekin ákvörðun um eftirfylgd. Ráðgjöfin fer fram í heimaskóla á Akureyri og í sérdeildinni. Liggi fyrir skrifleg beiðni frá öðru sveitarfélagi um ráðgjöf í heimaskóla er ráðgjöfinni sinnt þar. Viðkomandi sveitarfélag stendur straum af kostnaði við ráðgjöfina.

#### *Ferli umsókna*

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar fer með málefni fatlaðra barna og hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra.

- ✚ Fjölskyldudeild sér um að kynna fyrir foreldrum það sem barninu þeirra stendur til boða í upphafi skólagöngu. Æskilegt er að nemendakynning fari fram allt að ári áður en nemandinn innritast í skóla. Þá fer fram mat á þeim möguleikum sem skólakerfið hefur í boði fyrir viðkomandi nemanda.

- ✚ Fjölskyldudeild sér einnig um að kynna starfsemi sérdeildar fyrir nýjum nemendum og boða til fundar með forráðamönnum og fagfólki sem sinnir barninu.
- ✚ Sérstakt inntökuteymi, sem í síþja fulltrúar frá fjölskyldudeild og fagstjóri sérdeildar leggja mat á umsóknir og veita foreldrum ráðgjöf um val á skólaúrræði.
- ✚ Til að nemandi eigi rétt á setu í sérdeild fyrir einhverf börn í Síðuskóla þarf að liggja fyrir greining frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

## Um einhverfu

Einhverfa er þroskaröskun sem ekki sést utan á fólki en birtist í öllum samskiptum og hegðun og hefur mikil áhrif á líf einstaklingsins. Einhverfa er heiti á samsafni einkenna sem tengjast truflun á taugaproska. Skyldar einhverfu eru aðrar raskanir á svonefndu einhverfurófi (autism spectrum), meðal annars ódæmigerð einhverfa og Aspergerheilkenni en allar tilheyra þær flokki raskana sem kallast gagntækar þroskaraskanir.

Ekki er hægt að greina einhverfu með lífeðlisfræðilegum prófum og er hún því greind með því að líta á þau einkenni sem birtast í hegðun. Til þess eru notuð ýmis þroskapróf, viðtöl við foreldra og beinar athuganir á hegðun. Raskanir á einhverfurófinu greinast oftast hjá börnum á leikskólaaldri eftir að foreldrar eða aðrir sem umgangast þau hafa orðið varir við að hegðun þeirra sé í einhverju frábrugðin hegðun jafnaldra.

### *Orsakir og tíðni einhverfu*

Orsakir einhverfu eru óþekktar en þó er nokkuð víst að þær tengist samspili líffræðilegra þátta, erfðum og umhverfi. Nýjar rannsóknir benda til þess að ef allir sem eru með hamlandi einkenni einhverfu eru taldir fari algengi yfir 60 af 10 þúsund. Algengi er meira á meðal drengja eða u.þ.b. þrír til fjórir drengir á móti hverri einni stúlku.

*Einkenni*

Einkenni einhverfu eru mjög breytileg milli einstaklinga hvað varðar fjölda einkenna, styrkleika, byrjunaraldur og framvindu. Einkennin birtast á eftirfarandi þremur sviðum:

1. Einkenni er varða tengsl og samskipti við aðra

Geta til félagslegra samskipta er oftast skert. Þetta getur meðal annars lýst sér í því að einstaklingurinn forðast augnsamband við annað fólk og myndar ekki þau tengsl við aðra sem eðlileg eru miðað við aldur.

Oft virka börn með einhverfu eins og í eigin heimi og meðvitundarlítill um tilveru og tilfinningar annarra. Færni þeirra í leik er skert og það vantar á getuna til að eignast vini og leikfélaga meðal jafnaldra.

2. Einkenni er varða mál og tjáskipti

Öll börn með einhverfu hafa seinkaðan málþroska. Hjá yngstu börnunum vantar tjáskiptamáta án orða s.s. svipbrigði, bendingar og augnsamband. Meðal barna með einhverfu sem hafa mál er innihald þess og form gjarnan sérkennilegt. Bergmálstal er algengt og oft eiga þau erfitt með að halda þræði í samræðum þátt fyrir að málþroski til þess sé nægur. Um helmingur barna með einhverfu fær aldrei mál að því marki að það nýtist að fullu í samskiptum.

3. Áráttu hegðun

Síendurteknar hreyfingar eru algengar. Sem dæmi má nefna að rugga sér fram og aftur eða veifa höndum. Oft kemur fram sérkennilegur áhugi á einstökum pörtum eða eiginleikum hluta eða barnið festir sig við óvenjulega hluti. Einnig er algengt að

einstaklingar með einhverfu hafi óvenju þröngt áhugasvið með árátukenndum blæ.

Mörg einhverf börn hafa mikla þörf fyrir að halda öllu óbreyttu í kringum sig og

bregðast illa við smávægilegum breytingum. Stundum koma fram alvarlegir

hegðunarörðugleikar, s.s. sjálfskaðandi hegðun.

## Hugmyndafræði

Margar aðferðir hafa verið þróaðar víðsvegar um heiminn í tengslum við kennslu og meðferð barna með einhverfu. Ein þeirra og sú útbreiddasta er TEACCH aðferðafræðin (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children) sem er rammi um allt það starf sem fram fer í sérdeildinni. TEACCH aðferðafræðin hefur verið notuð við kennslu einhverfra barna í leikskólum Akureyrar og er því rökrétt að þeirri aðferðarfræði sé einnig beitt innan sérdeildarinnar.

### *TEACCH aðferðafræðin*

Lykilorð aðferðarfræðinnar er skipulag sem felur í sér eftirtalda þætti:





- ✚ Skipulagið er sjónrænt þ.e. vinnuaðstæður og verkefni.
- ✚ Skipulagið sýnir greinilega upphaf og endi.
- ✚ Skipulagið felur í sér yfirfærslu á námi og að læra við mismunandi aðstæður.
- ✚ Skipulagið felur í sér sjálfstæði í vinnubrögðum og þjálfun í að framkvæma athafnir án aðstoðar.
- ✚ Skipulagið felur í sér mikið foreldrasamstarf og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um námsmarkmið.

### 1. Sjónrænar vísbendingar






Einhverfir skilja betur það sem þeir sjá en heyra. Þar af leiðandi þurfa aðstæður að vera þannig að einstaklingurinn geti séð *hvar hann á að vera, til hvers er ætlast af honum og hvert hann eigi að fara næst*. Föst stundaskrá yfir daginn veitir öryggi og dregur úr kvíða og því er búin til sjónræn stundaskrá sem byggir á myndum

eða orðum eftir þörfum hvers og eins. Stundaskránni er raðað upp á vegg, ýmist frá vinstri til hægri eða upp / niður og á þann hátt gefur hún upplýsingar um tíma. Á sama hátt er útbúið vinnuumhverfi sem gefur til kynna *hvernig eigi að vinna, í hvaða röð og hve lengi*. Þetta getur átt við athafnir s.s. að klæða sig, þvo sér og matbúa. Þá eru útbúnar myndir/setningar í réttri athafnaröð og þannig gefnar vísbendingar um hvað á að gera koll af kalli. Ákveðin verkefni sem nemendur fást við eru bútuð niður í vinnuferli með myndum eða skrifuðum texta, t.d. uppskriftir.

Tákn:

			
innlögn	Málörvun	Frímínútur	Nesti

Tákn og texti:

Mánudagur
Samfélagsfræði 
Stærðfræði 
Frímínútur 
Nesti 
Tónmennt 

## 2. Upphaf og endir

Einhverfir þurfa vinnukerfi sem gefur þeim til kynna *hversu mikið* þeir eiga að vinna og *hve lengi*. Til þess eru notaðar sjónrænar vísbendingar, s.s. merktar vinnukörfur. Nemandinn hefur fyrir framan sig litaspjöld eða númer og sams konar merkingar eru á körfum með verkefnum. Sé t.d. fyrsta spjaldið rautt þá veit nemandinn að hann á að byrja á verkefnum í rauðu körfunni. Þegar lokið er að vinna úr öllum körfunum hefur nemandinn spjald / tákn sem gefur honum til kynna hvað næst er á dagskrá.

### 3. Yfirfærsla

Þar sem einhverfir eiga í erfiðleikum með yfirfærslu er mikilvægt að kenna þeim sömu athöfn á fleiri en einum stað. Ferlið er alls staðar kennt á sama hátt en við mismunandi aðstæður.



### 4. Endurtekning

Endurtekning á verkefnum/ferli eykur sjálfstæði og öryggi einhverfra. Öll röskun á skipulagi orsakar kvíða og óöryggi.



### 5. Sjálfstæði

Í hugarheimi barns með einhverfu ríkir mikil ringulreið, því er sjónrænt skipulag barninu nauðsynlegt til að skilja umhverfið. Þegar barnið hefur áttað sig á skipulaginu getur það farið að framkvæma marvíslegar athafnir án aðstoðar fullorðinna. Skipulag er því forsenda þess að barnið öðlist sjálfstæði þegar fram í sækir. Með auknu sjálfstæði er síðar hægt að draga úr ytra skipulagi. Þróun skipulagsins er gjarnan á eftirfarandi hátt:



1.1. Körfur: Merktar á ákveðinn hátt, samsvarandi merkingar parast við, t.d. litir, tákn, tölur.




1.2. Bakkar: Til dæmis fjórir bakkar í lóðréttri röð, númeraðir eða merktir, laus númer eða merki parast við.



1.3. Bakkar: Merktir samsvarandi verkefnum t.d. móðurmál, stærðfræði.



1.4. Eitt box / bakki: Nemandinn finnur verkefni eftir fyrirmælum í dagbók.



1.5. Verkefni í skólatösku: Nemandinn finnur verkefni skv. fyrirmælum á stundatöflu.




*Kennslurými sérdeildarinnar*

Sérdeildin er staðsett á D - gangi sem er nýjast álma Síðuskóla, byggð 1997.

Kennslurýminu er hægt að skipta niður í ákveðin svæði t.d. með skilrúmum. Um er að ræða tvö rými sem skipt er niður í minni svæði. Stærri svæðinu er skipt niður í hvíldarhorn, leikhorn, tölvurými, innlagnarhorn (námshorn) og svæði til skipulagðrar vinnu. Á minna svæðinu er eldunaraðstaða, sameiginlegur borðkrókur, málörvunarkrókur og fínhreyfiþjálfunarsvæði.

Nemendur sérdeildarinnar fara í leikfimi í íþróttahúsi Síðuskóla og sund í Glerárlaug. Þeir borða með öðrum nemendum í matsal skólans og nýta sameiginleg útisvæði.

Inngangur í D - gangi er við hlið sérdeildar sem er sameiginlegur með öðrum nemendum.



*Samskipan*

Nemendur í sérdeild eru fyrst og fremst nemendur Síðuskóla og þeir eru fullgildir þátttakendur í skólastarfinu.

Eitt af meginmarkmiðum sérdeildarinnar er að efla og styrkja félagsleg tengsl nemendanna við aðra nemendur skólans. Lögð er áhersla á að það sé gert í samræmi við þarfir og færni hvers einstaklings og nemendur eiga allir sinn tengslabekk innan skólans. Nemendur sérdeildarinnar taka þátt í skólaferðum og uppákomum sem í boði eru. Með samskipan er fyrst og fremst miðað að því að styrkja félagslega færni nemenda, að þeir læri að vera með öðrum börnum, eignist vini og læri umgengisreglur. Nám nemenda í sérdeild er skipulagt á eftirfarandi hátt:

- ✚ Nám nemandans fer að mestu fram í sérdeild en hann á tengslabekk í skólanum þar sem farið er inn í bekkinn eins og geta og aðstæður leyfa. Stundum hentar betur að bekkjarfélagar komi í sérdeild og vinni með einhverfa nemandanum að verkefnum.
- ✚ Nemandi er að hluta til inni í sérdeild og að hluta í bekk með fylgd kennara frá sérdeild.
- ✚ Nemandi er eingögnu inn í bekk með kennara frá sérdeild eins og þurfa þykir.
- ✚ Nám nemanda fer alfarið fram í bekk með stuðning og ráðgjöf frá sérdeild.

## Námsþættir

Mikil breidd er á getu nemenda í sérdeildinni. Meginmarkmið með starfsemi sérdeildar fyrir börn með einhverfu er að nemendur fái þá einstaklingsbundnu kennslu sem undirbýr þá fyrir framtíðina og styrki sjálfstæði þeirra og þátttöku í samfélaginu. Samþætting námsgreina er mikil og útfærsla kennslu er oft fjölbreyttari en kemur fram.

Í upphafi skólagöngu er unnið markvisst með alhliða málþroska og boðskiptafærni nemenda. Þeim nemendum sérdeildarinnar sem hafa náð nokkuð góðum tókum á máli sínu er kennt að hluta til eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Þeir hafa þó þörf á að fá sérstaka í málörvun þ.e. að læra að nota málið sem boðskiptaleið og til félagslegra samskipta.

Námsþættirnir eru eftirfarandi:

- ✚ Athafnir daglegs lífs
- ✚ Íslenska – málörvun / boðskiptafærni / lestur / ritun
- ✚ Stærðfræði
- ✚ Skrift
- ✚ Samfélagsfræði
- ✚ Enska
- ✚ Skipulögð vinna
- ✚ Tónmennt
- ✚ Upplýsinga og tæknimennt
- ✚ Heimilisfræði
- ✚ Íþróttir
- ✚ Lífsleikni






-  Dans
-  Starfsnám
-  Ljósmyndun

### *Athafnir daglegs lífs - ADL*

Í starfi sérdeildarinnar er kennsla í athöfnum daglegs lífs stór þáttur. Vegna fötlunar sinnar þurfa sumir nemendur sérdeildarinnar markvissa þjálfun og kennslu í þessum athöfnum.

ADL þjálfun fer fram jafnt innan deildarinnar sem utan og sem hluti af annarri kennslu. Sem dæmi má nefna matarþjálfun á matmálstímum og heimilisfræði.

ADL kennslan flokkast í eftirtalda þætti:

-  Klæðnaður
-  Hreinlæti
-  Matur og borðsiðir
-  Eldhúspjálfun
-  Félagsleg tengsl og boðskipti

Listi yfir atriði sem mikið er unnið með:

-  Klæðnaður

Geta greint sinn fatnað frá fatnaði annarra.

Klæða sig í og úr yfirhöfnum

Setja á sig húfu

Taka af sér húfu

Klæða sig í og úr vettlingum

Klæða sig í og úr skóm / stígvélum

Reima

Renna rennilás

Klæða sig í og úr fatnaði t.d. í leikfimi og sundi

Hengja upp fötin sín / ganga frá

Raða skóm

#### Hreinlæti

Segja til í tíma ef nemandi þarf á salerni

Fara sjálfur á klósett

Þrifa sig eftir klósettferðir

Þvo sér um hendur

Þurrka sér

#### Matur og borðsiðir

Hella í glas / könnu

Borða með hníf og gaffli

Nota rétt mararáhöld

Ná í mat í ísskáp

Geta beðið um mat


Þakka fyrir matinn

Byrja að borða á réttum tíma

Tyggja með lokaðan munninn

Sitja fallega til borðs

Borða snyrtilega

 Eldhúspjálfun

Fylgja uppskriftum

Temja sér hreinlæti við matargerð

Umgengni við matvöru

Nota rétt áhöld á viðeigandi hátt

Taka þátt í eldamennsku

Leggja á borð


Taka af borði

Þvo upp og þurrka leirtau

Þvo borðin

Ganga frá rusli

Ganga frá mat í ísskáp og á aðra viðeigandi staði

 Félagsleg tengsl og boðskipti

Kynna sig

Heilsa

Kveðja

Leita sér upplýsinga / aðstoðar

Biðja um hluti á kurteisislegan hátt

Þakka fyrir sig

Fara í matsal

Geta staðið í biðröð

*Íslenska:*

Nemendur þurfa að hafa vald á a.m.k. einu tungumáli eða boðskiptaleið til að geta átt nauðsynleg samskipti við annað fólk.

Meginmarkmið með kennslu í íslensku eru að:

- ✚ Efla grundvallarfærni í notkun talaðs máls
- ✚ Efla máltilfinninguna
- ✚ Auðga orðaforðann og bæta hugtakaskilning
- ✚ Auka færni nemenda í tjáskiptum/boðskiptum
- ✚ Efla færni nemenda í virkri hlustun
- ✚ Bæta og efla framburð nemenda

*Boðskiptafærni:*

Málskilningur einhverfra getur verið takmarkaður. Því er lögð mikil áhersla á boðskiptaþjálfun í sérdeildinni. Mikilvægt er að allar aðstæður á sérdeildinni séu í föstum skorðum og að öll skilaboð séu skýr og í myndrænu formi. Aðaláhersla er lögð á að umhverfið ýti undir frumkvæði nemenda og að þeir eigi sér ákveðna boðskiptaleið t.d. tal, myndir, tákni eða látbragð.

*Málörvun:*

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Auka tilfinningu nemenda fyrir mæltu máli.
- ✚ Bæta málskilning nemenda.
- ✚ Kynna fyrir nem. þulur, vísur og ljóð.
- ✚ Auka og bæta orðaforða og setningamyndun.

- ✚ Þjálfun í hlustun og hljóðgreiningu.
- ✚ Þjálfna framsögn.
- ✚ Þjálfna nemendur í að fara eftir munnlegum fyrirmælum.
- ✚ Hljóðamyndun.

*Lestur:*

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Auka og bæta lesskilning nemenda.
- ✚ Kynna bókasafnið og bókina fyrir nemendum.
- ✚ Leggja inn stafi.
- ✚ Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans.
- ✚ Nemendum kynntar ólíkar lestraraðferðir(LTG (lestur á táknmálsgrunni), heildarorðalestur o.fl.).
- ✚ Lestraraðferðir séu við hæfi hvers og eins.
- ✚ Auka lestrarhraða nemenda.

*Ritun/skrift:*

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Kenna nemendum að draga rétt til stafs.
- ✚ Skriftaráttin sé rétt.
- ✚ Gripið á blýanti / penna sé rétt.
- ✚ Kenna þeim að tjá hugsanir sínar, skriflega og í tölvu.
- ✚ Kynna nemendum hjálpartæki eins og tölvur.
- ✚ Þjálfna nemendur í fínhyfingum.

*Málfræði:*

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Þjálfar nemendur í einfaldri stafsetningu
- ✚ Kynna ýmis hjálpargögn s.s. orðabækur og tölvur

*Stærðfræði:*

Markmiðið með stærðfræði kennslu á sérdeild er að gera nemendur hæfari til að verða sjálfbjarga í athöfnum daglegs lífs.

Mikilvægt er að nemendur læri þá stærðfræði sem við notum daglega, eins og í verslunum og að þeir nemendur sem hyggja á framhaldsnám séu betur undir það búnir.

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Kenna nemendum tölustafina og gildi þeirra.
- ✚ Kenna nemendum samlagningu.
- ✚ Kenna nemendum frádrátt.
- ✚ Kynna nemendum gildi peninga.
- ✚ Kenna nemendum á klukku.
- ✚ Nemendur þjálfist í flokkun, pörun og röðun.
- ✚ Kenna nemendum einfaldar mælingar s.s. langt / stutt, cm / km, Létt/þungt, kg / gr o.fl. Einnig eru nemendum kennd ýmis hugtök s.s. undir, yfir, aftan, stórt, lítið o.fl. Einnig er þeim kennt að telja og þeim kennd formhugtök eins og hringur og þríhyrningur.
- ✚ Í heimilisfræði fer t.d. fram þjálfun í mörgum af þessum hugtökum og mælieiningum

*Skipulögð vinna:*

Í skipulagðri vinnu er mikilvægt að hver nemandi hafi sitt vinnuborð. Unnið er frá vinstri til hægri. Öll verkefni eru í merktum körfum.

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Nemandi læri að fara eftir sjónrænu skipulagi.
- ✚ Nemandi viti hvaða verkefni hann á að vinna.
- ✚ Nemandi viti hve mikið hann á að vinna og hvenær hann er búinn.
- ✚ Nemandi öðlist skilning með endurtekningum og efli á þann hátt sjálfstæði sitt.

*Lífsleikni:*

Námssgreinininni er ætlað að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efli félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Auk þess verður leitast við að styrkja áræði hans, frumkvæði, eðlislæga sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.

Eitt af áhersluatriðum lífsleikni felst í því að skólinn skapi nemendum jákvætt og öruggt námsumhverfi sem einkennist af stuðningi og samvinnu allra sem starfa í skólanum, nemenda og starfsfólks. Góður skólabragur þar sem gerðar eru raunhæfar kröfur og væntingar til nemenda auðveldar þeim að ná settum markmiðum í námi. (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

*Samfélagsfræði:*

Í samfélagsfræði er leitast við að horfa í námslega og félagslega færni og stöðu nemenda þegar viðfangsefni er valið. Samfélagsfræðinámið er samofið mörgum öðrum námsgreinum, jafnvel umfram aðrar námsgreinar, eins og t.d. lífsleikni og málörvun.

Áhersla er lögð á að:

- ✚ Kenna nemendum um nánasta umhverfi og víkka út sjóndeildarhring nemenda eins og hægt er.
- ✚ Kenna nemendum almenna umhirðu.
- ✚ Kynna nemendum ýmsa tyllidaga s.s. afmælisdaga, jól o.fl.

*Heimilisfræði:*

Meginmarkmið með heimilisfræði kennslu er að nemendur þjálfist í einfaldri matargerð og þeim athöfnum sem henni tengjast. Einhverfum hentar best sjónrænar vísbendingar og því eru uppskriftir og fyrirmæli í myndrænu formi og upphaf og endir vel skilgreint.



Áhersla er lögð á að:

- ✚ Kenna nemendum hreinlæti.
- ✚ Kenna nemendum að umgangast hráefnið.
- ✚ Kenna nemendum borðsiði.
- ✚ Kenna nemendum frágang.
- ✚ Kenna nemendum að nýta sér þær vísbendingar sem þeim eru gefnar, ásamt ýmsum hugtökum sem fylgja matreiðslu s.s. mælieiningar.

*Tónmennt:*

Í tónmennt er markmiðið að efla og vekja áhuga á tónlist, ólíkri tónlistartegund, þroska og efla tónskyn og tónlistarhæfileika nemandans. Kynna fyrir nemendum einföld hljóðfæri. Mikilvægt er að söngtextar og það sem á að vinna með sé myndrænt.




Áhersla er lögð á:

-  Söng
-  Hlustun
-  Takt

*Enska:*

Annað tungumál er í boði á sérdeild og að þessu sinni er það enska. Kennslan er hugsuð sem kynning á tungumálinu og fer töluvert fram í gegnum tónlist.



Áhersla er lögð á að:

-  Kenna nemendum að heilsa og kynna sig.
-  Kenna nemendum tölustafina og gildi þeirra(0 - 20).
-  Kynna nemendum heiti á einstökum líkamshlutum, fatnaði, einstaka fjölskyldumeðlimum, tímabilum, mat o.fl.

*Myndmennt / Skapandi starf:*

Markmiðið er að nemendur læri að nýta sér möguleika myndmálsins til tjáningar og tómstunda.

Áhersla er lögð á að:

-  Efla frumkvæði.
-  Efla orðlag.

- ✚ Þjálfá fínhyreyfingar.
- ✚ Þjálfá samhæfingu augna og handa.
- ✚ Efla snertiform og litaskyn nemenda.

### *Upplýsinga- og tæknimennt*

#### *Smíðar*

Meginmarkmið er að vekja og efla áhuga nemenda á list- og verkgreinum, með því að veita þeim tækifæri til að leggja stund á þær, njóta þeirra og vera skapandi í starfi. Að stuðla að því að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt og geri sér grein fyrir gildi handverks og nytjahluta í sínu nánasta umhverfi, stöðu þeirra og þróun.

Listir og verkgreinar eru samofnar öllu lífi og menningu mannsins. Smíðin þroskar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Þannig er smíðin góður undirbúningur undir lífið og eykur áræði, framtak, þekkingu og færni til frekara náms.

#### *Tölvur*

Mikilvægt er að nemandi geti nýtt sér tölvuna út frá sínum forsendum, kunni helstu aðgerðir sem tengjast t.d. alnetinu og þá sótt sér bæði afþreyingu og upplýsingar.

Áhersla er lögð á að nemandinn:

- ✚ Skilji hvernig við færur tölvumúsina, hvað bendill er og hvernig hann breytist.
- ✚ Þekki helstu hluta tölvunnar og jaðartæki hennar.

- ✚ Temji sér ákveðnar umgengis reglur gagnvart tölvum og jaðartækjum.
- ✚ Kunni að opna og loka einföldum forritum og nota þau.
- ✚ Kunni að teikna myndir í tölvunni.
- ✚ Kunni að teikna myndir í tölvunni tileinki sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta.
- ✚ Átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta.
- ✚ Þekki fingrasetningu, einkum heimalykla.
- ✚ Geti ritað texta í ritvinnslu, breytt honum og prentað út.
- ✚ Geti vistað skjöl og náð í vistuð skjöl.
- ✚ Geti unnið með kennsluforrit.

### *Leikfimi*

Nemendur tileinki sér góða umgengni, framkomu og kurteisi.

Læra leiki sem þjálfar hlustun, athygli, einbeitingu og jafnvægi svo og samhæfingu handa og fóta. Einnig eiga nemendur að læra æfingar sem auka kraft, fimi og þol og ná tökum á sjálfstæðum vinnubrögðum sem og samvinnu við aðra nemendur.

Mikilvægt er að nemendur upplifi íþróttir og hreyfingu sem jákvæða og skemmtilega námsgrein og nýti sér hreyfingu til að bæta líkamlega getu. Þar sem slík reynsla mótar viðhorf nemanda er mikilvægt að nemendur líði vel og hafi gaman af.

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- ✚ taki þátt í æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra
- ✚ Þjálfist í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, skríða, hoppa, stökkva, klifra, kasta, og grípa
- ✚ taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf

- ✚ Taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamspól, hraða viðbragð og kraft
- ✚ Iðki íþróttir og leiki á skólalóð
- ✚ upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum

### *Sund*

Áhersla er lögð á aðlögun barnsins að vatninu og að nemendur tileinki sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans. Einnig er áhersla lögð á að nemendur læri að hlíta fyrirmælum og öryggisatriðum sundstaðar. Nemendur upplifi skólasund sem jákvæða og skemmtilega námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatninu.

Nauðsynlegt er að nemendur efli skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatni.

Áhersla er lögð á að nemandinn

- ✚ Þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og að stökkva fljóta busla, taka sundtök og kafa, synda skrið- og bringusund.
- ✚ læri almennar umgengisreglur í lauginni, bæði hvað varðar aðra í lauginni og búnað.
- ✚ Sé öruggur og líði vel í vatninu.

### *Kennsluhættir / aðaláherslur:*

Leiðbeiningar, sýnikennsla, sjónrænar vísbendingar og skýringar kennara frá bakka og einnig ofan í laug. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og einnig mikið í hópum. Nemendur vinna bæði með og án hjálpartækja eins og korka, kúta og froskalappir.

### Starfsnám

Meginmarkmið starfssnáms eldri nemenda er að auka verklega færni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Starfsnám er hugsað sem undirbúningur fyrir þátttöku á atvinnumarkaði og létt heimilisstörf.

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- ✚ Kynnist störfum sem gætu hentað honum í framtíðinni.
- ✚ Verði fær um að vinna rútnubundin störf með sjónrænum leiðbeiningum.
- ✚ Geti unnið störfin sjálfstætt án aðstoðarmanneskju.
- ✚ Að nemandinn haldi sig að verki og ljúki því.

### Kennsluhættir

Nemandinn vinnur, með aðstoð kennara raunveruleg störf sem unnin eru í skólanum. Störfin eru margvísleg og fela m.a. í sér verkefni á skrifstofu skólans eins og að tæta niður pappír, hefta saman pappír eða plasta bækur. Einnig er um að ræða störf í mötuneyti svo sem að flokka vörur og raðar þeim í hillur eða á aðra viðeigandi staði. Leggja á borð, þurka af og önnur tilfallandi störf.

Í þriðja lagi er um að ræða starf sem felst í því að fara um skólann og safna saman þvotti, flokka hann, taka úr og setja í þurrkar, taka úr og setja í þvottavél, stilla vélnar á réttan hátt, nota þvottaefni, brjóta saman, flokka og ganga frá. Allt þetta krefst sveigjanleika í hugsun því í hverju tilviki þarf að meta aðstæður, þ.e. í

hvaða körfu er mest (alltaf að þvo úr þeirri körfu sem mest er í), stundum er ekkert í vélinni og þá þarf ekki að setja í þurrkar o.s.frv.

Við kennslu starfsnáms er stuðst við sýnikennslu, aðhald og sjónrænar leiðbeiningar.

#### *Ljósmyndun:*

Meginmarmiðið með kennslu ljósmyndunar er að kynna fyrir nemendum möguleika til tómsundaiðkunar.

Lögð er á það áhersla að nemandinn:

- Geti notað Digital-myndavél sér til ánægju og tómsunda.
- Læri á helstu stillingar sem fylgja myndavélinni
- Geti sett myndir af myndavél yfir á tölvu
- Læri algengustu aðgerðir í myndvinnslu, t.d. að taka rauð augu, að gera myndir svarthvítar, að setja inn í albúm o.s.frv.
- Útbúi sitt eigið myndaalbúm.

#### *Kennsluhættir*

Nemandinn tekur myndir að eigin ósk eða eftir fyrirfram ákveðnu þema. Þegar hann hefur tekið myndirnar setur hann þær í tölvu og vinnur með þær. Í lok hvers þema eða í lok annar útbýr nemandinn sitt eigið myndaalbúm.